

Árbæjarsafn:

Sögulegar minjar
í Öskjuhlíð og Vatnsmýri

úttekt ásamt tillögum um
verndun og lagfæringar

Reykjavík 1991

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Skráning og ljósmyndun: Helgi M. Sigurðsson safnvörður
Heimildarmaður: Snæbjörn Pálsson
Varðveisla ljósmynda: Arbæjarsafn
Skráning minja: ágúst 1991
Ritstjórn: Margrét Hallgrímsdóttir, borðganninjavörður

Efnisyfirlit

Formáli	3
Sögulegar minjar frá eldri tíð í og við Öskjuhlíð	5
Stríðsminjar í og við Öskjuhlíð	13
Stríðsminjar í Vatnsmýrinni - innan flugvallargirðingar.....	33
Heimildir	45

Formáli

Tilfni þessarar skýrslu var það að í borgarstjórn Reykjavíkur var borin fram tillaga um friðlýsingu og endurbætur sögulegra minja í og við Öskjuhlíð. Gerðist það 4. apríl 1991. Tillagan fékk góðar undirtektir og var vísað til Menningarmálanefndar og Árbæjarsafns til frekari umfjöllunar. Það kom síðan í hlut Árbæjarsafns að gera sögulega úttekt á svæðinu. Hér liggur hún fyrir.

Rökstuðningur með ofanefndri tillögu fólst ekki síst í því að með opnun útsýnishússins á Öskjuhlíð, Perlunnar, mundi umferð um svæðið aukast, almenningur mundi nýta þennan fólkvang í meiri mæli en áður. Ennfremur gæfist kostur á að kynna söguminjar svæðisins í Perlunni og yrði slíkt vel þegið af gestum.

Söguminjar í Öskjuhlíðinni og næsta nágrenni hennar, Vatnsmýrinni, eru flestar frá þessari öld, nánar tiltekið síðari heimstyrjöldinni. Fáeinar eru þó frá fyrri öldum og einnig eru flugsögulegar minjar frá 4. áratug þessarar aldar. Til að fá yfirlit yfir þessar minjar. þ.e. hvað er eftir af þeim, var gerð vettvangsathugun á svæðinu og ljósmyndað það sem fyrir augu bar. Var það gert m.a. undir leiðsögn Snæbjarnar Pálssonar sem vann nær samfleytt á Reykjavíkurflugvelli í 50 ár og er líklega fróðastur manna um svæðið. Ennfremur var stuðst við skýrslur og aðrar skráðar heimildir.

Söguminjar sem eru 100 ára og eldri má finna í Fornleifaskrá Reykjavíkur. Þær eru sjálfkrafa friðaðar. Stríðsminjar og aðrar minjar sem yngri eru teljast hins vegar samtímaminjar. Sögulegt gildi þeirra er samt sem áður ótvírætt. Varðandi stríðsminjamar má til að mynda benda á eftirfarandi:

a. Heimsstyrjöldin síðari, mestu hernaðaráttök sögunnar, teygði anga sína til Íslands í ríku mæli. Tugþúsundir hermanna dvöldu hérlandis í hálfan áratug með tilheyrandi búnaði og umsvifum. Langfjölmennastir voru þeir í Reykjavík.

b. Þær stríðsminjar í borgarlandinu sem varðveist hafa eru fyrst og fremst í Öskjuhlíðinni og Vatnsmýrinni. Þessar minjar eru aðeins brot þess sem áður var, en gefa þó komandi kynslóðum góða hugmynd um eðli og umfang styrjaldarinnar.

Þær stríðsminjar sem um ræðir eru af margvíslegu tagi. Þeirra á meðal má nefna vélbyssubyrgi (a.m.k. fimm talsins), varnarhleðslur fyrir eldsneytistanka, neðanjarðarbyrgi, víggrafir, jarðhýsi fyrir sprengjuefni og skotfæri, neðanjarðarvatnstanka, bryggjustubb, viðlegukant, veganet, fjölda gólfa og grunna undan bröggum og öðrum byggingum, akstursbrautir fyrir

flugvélar o.s.frv. Öll stærstu flugskýlin á Reykjavíkurflugvelli, fjögur talsins, eru frá stríðsárunum. Fimmta skýlið brann fyrir nokkrum árum Allmargir braggar eru einnig við flugvöllinn og undir Öskjuhlíðinni, að vísu í misgóðu ástandi. Annars konar byggingar frá stríðsárunum eru sömuleiðis á svæðinu, þar á meðal gamli flugturninn, flughótelið í Nauthólsvík (hluti af því) o.fl.

Nær allt lauslegt frá stríðsárunum hefur verið fjarlægt af svæðinu, svo sem gaddavír, girðingastaurar, yfirleitt allt úr járn og tré. Sandpokavígi eru horfin, m.a. vegna þess að strigi hefur fúnað.

Í skránni hér á eftir er fjallað um 13 almennar söguminjar og 60 stríðsminjar í máli og myndum. Henni er ekki ætlað að vera tæmandi, sérstaklega hvað stríðsminjamar varðar. En þar er leitast við að geta áhugaverðustu minjanna og ennfremur að gefa sýnishorn af sem flestu til að fá heildaryfirlit. Minjunum er skipt í tvo varðveisluflokka, A og B. Í A-flokk eru settar þær minjar sem án vafa eiga að fá að standa óhreyfðar. Þær hafa ótvírætt sögulegt gildi og vandkvæði á að varðveita þær eru hverfandi. Til B-flokks teljast þær minjar sem erfitt gæti reynst að vernda vegna kostnaðar, staðsetningar eða annars. Ennfremur eru í B-flokki minjar sem hafa heldur minna varðveislugildi en aðrar, t.d. af því að til eru sams konar minjar annars staðar. Í sumum tilvikum er sett A-B, sem merkir að viðkomandi minjar séu á mörkum flokkanna tveggja. Annars staðar þótti tilgangslaust eðlis málsins samkvæmt að flokka minjarnar. Gildir það til að mynda um Reykjavíkurflugvöll sjálfan, en hann er í raun stríðsminjar. Niðurstaða úttektarinnar er sú að flestar minjanna í skránni séu áhugaverðar, bæði fyrir fræðimenn og almenning. Þær eigi því að vernda og sumar þeirra þarfnist lítilsháttar lagfæringar.

Á vegum Borgarskipulags Reykjavíkur hefur undanfarna mánuði verið unnið að gerð deiliskipulags fyrir Öskjuhlíðina. Af því tilefni hefur Yngvi Þór Loftsson landslagsarkitekt teiðmað stíga um svæðið. Þar á meðal eru fræðslustígar, þar sem gerð er grein fyrir bæði náttúrufræði og sögu. Hugmynd Yngva varðandi merkingar er að gera í fyrsta lagi yfirlitskort, sem staðsett væri þar sem fólk kemur að svæðinu, á þremur stöðum eða svo. Í öðru lagi að merkja minjarnar hverja fyrir sig þar sem þær eru. Í þriðja lagi hefur komið til tals að gera bækling um Öskjuhlíðina. Eðlilegt er að Árbæjarsafn taki þátt í merkingu sögulegu minjanna.

Helgi M. Sigurðsson
safnvörður

Sögulegar minjar frá eldri tíð f og við Öskjuhlíð

Þær eru ellefu að tölu, númeraðar frá 1 til 11, og er gerð grein fyrir þeim hverri fyrir sig. Með fylgja tvennar minjar frá því eftir stríð, númeraðar 12 og 13. Kortið hér fyrir neðan er af Öskjuhlíð og er merkt inn á það staðsetning minjanna.





Minjar 1: Þjóðvegur. Árið 1868 lét bærstjórn Reykjavíkur gera nýjan þjóðveg út úr bænum. Lá hann fyrst upp Skólavörðuholtið. og síðan suður á Oskjuhlíð. Eins og sjá má stefnir hann nokkuð upp á hæðina þegar að Öskjuhlíðinni kemur, í stað þess að vera í sneiðingi atan í henni. Um það sagði Klemens Jónsson: "En það er einkennilegt með þennan veg, eins og alla vegi sem þá voru lagðir og allt fram undir 1890, að þess var vandlega gætt að leggja þá beint upp á heiðar og hálsa þar sem brattast var." (Klemens Jónsson. Saga Reykjavíkur II, bls. 58).

Varðveislaflokkur: A.



Minjar 2: Toppur Öskjuhlíðar. Árið 1874 ákvað bærstjórn Reykjavíkur að halda upp á 1000 ára afmæli Íslands byggðar með því að hafa þar hátíðardagskrá. Töluverðu grjóti var rutt af háhæðinni til að á sléttlendi mætti fara fram skemmtan ýmiss konar. Á þeim tíma var kollurinn gróðurlaus melur. Síðan hefur bann verið græddur upp.

Myndin er tekin til vesturs af útsýnishúsinu, Perlunni.

Varðveislaflokkur: A.

Minjar 3: Skíðabraut Ungmennafélags Reykjavíkur og Ungmennafélagsins Iðunnar. Hún var gerð um 1910 með ærinni fyrirhöfn því að miklu af grjóti þurfti að ryðja burt. Þetta var stærsta framkvæmd ungmennafélaganna í Reykjavík en á þessum tíma var starfsemi þeirra mjög öflug, félagsmenn nálægt tveimur hundruðum samanlagt. Heimildarmaður, Magnús Guðbrandsson (sonur Guðbrandar Magnússonar fyrrv. formanns í UMFR og síðar forstjóra ÁVR) greinir svo frá að brautin hafi byrjað 150-200 metra austan við Bústaðarveginn, þar sem gatan Háahlið er nú. Hún hafi síðan endað þar sem lóð Íseksskóla er nú. Þetta hafi verið sæmileg brekka fyrir þá sem ekki voru mjög vanir, en snjór hafi sjaldan sest í hana, Engin ummerki hennar sjást lengur vegna mikils jarðrasks á svæðinu.



Minjar 4: Klettastallurinn við Flugvallarveg, niður undan Keiluhöllinni Hann myndaðist við það þegar Reykjavíkurhöfn var gerð á öðrum og þriðja áratugnum. Járnbrautateinar voru lagðir meðfram hliðinni og þaðan til hafnarinnar.

Varðveisluflokkur: B.



Minjar 5: Klettastallar vestanmegin í Öskjuhlíðinni: Beneventum,

Á öldinni sem leið varð Öskjuhlíðin vinsælt útivistarsvæði fyrir Reykvíkinga .. Meðal þeirra sem hana kunnu að meta voru skólapiltar lærða skólans. Þangað fóru þeir þegar þeir "þurftu að ráða til lykta mikilsverðum málum", eins og segir í einni heimild. Samkomustað sinn nefndu þeir Beneventurn. Nafnið er latneskt og merkir: "Staður þar sem gott er að koma." Á Ítalíu er bær sem heitir Beneventum og er nafnið trúlega fengið þaðan. Ekki er ótvírætt vitað hvar Beneventum var að öðru leyti en því að:

- a. það var vestantil í hlíðinni
- b. þar voru klettastallar
- c. fyrir neðan stallana var aflíðandi brekka, grýtt
- d. fyrir ofan stallana hélt brekkan áfram upp á háhæðina.

Þessar ábendingar gefa steklega til kynna að um sé að ræða staðinn sem ljósmyndin sýnir. Það villir nokkuð sýn að skógurinn skiptir flötinni fyrir framan klettinn í tvennt þar ætti að fjarlægja nokkur tré.

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 6: "Landamerke 1839." Landamerkjasteinninn, staðsettur í Öskjuhlíðinni vestanverðri. Hann skildi að land Skildinganesjarðarinnar og Reykjavíkur. Steinn þessi er mjög traustur. nálægt 3-4 rúmmetrum að stærð, en tré eru farin að þrengja að honum fullmikið, aðallega það sem sjá má vinstra megin á myndinni Rétt er að fjarlægja það.

Varðveisluflokkur: A.

Víkursel. Jörðin Reykjavík (stundum nefnd Vík) virðist hafa átt sel öldum saman, jafnvel frá fyrstu tíð, og fram yfir aldamótin 1800. Var það nefnt Víkursel. Staðsetning þess er hins vegar ekki fullljós og vísast hefur það færst eitthvað til í aldanna rás. Líklegast er að hægt sé að finna staðsetningu þess þar sem það var síðast.

Elín Þórðardóttir, Sighvatssonar í Hlíðarhúsum, var síðasta selráðskonan í Víkurseli. Árið 1828 var hún beðin að gefa vitnisburð um landamerki milli Reykjavíkur og Skildinganes og S'gði þá meðal annars: "Sel hafði faðir minn. og allir hans forfeður vestan og sunnan undir Öskjuhlíð ... " (Klemens Jónsson, Saga Reykjavíkur, bls. 10). Þessi vitnisburður er óyggjandi en nánari staðsetning er erfiðari viðureignar.

Árni Óla, blaðamaður og ritstjóri, sendi Hákon Bjarnasyni um 1975 eftirfarandi lýsingu: "Á fyrstu blaðamannsárum mínum hér gekk ég oft suður að Beneventum því að þar var mjög fagurt um að litast. Neðan við brekkuna var dökkgrænn blettur og á honum húsarústir. Þóttist ég viss um að þarna hefði Víkursel verið. Það benti og til byggðar, að neðarlega í brekkunni var gamall bunustokkur, og seitleði vatn úr honum, þótt fúinn væri og stíflaður. Einu sinni ætlaði ég að reyna að mæla rústirnar og gera mér grein fyrir hvernig húsaskipan mundi hafa verið í selinu. Það var ekki auðhlaupið að því, þó þóttist ég geta greint að þar hafi verið þrír sambyggðir kofar." (Hákon Bjarnason: Reitalýsing, starfsskýrsludrög, 1985).

Trúlega byggir Árni Óla ályktun sína að hluta á frásögn Elínar Þórðardóttur sem fram kemur í Sögu Reykjavíkur (Klemens Jónsson, útg. 1929). Síðan les hann út úr staðhátum. Hákon Bjarnason kannaði staðhætti um 1980 út frá þessari lýsingu en fann enga húsarúst sem átt gæti við hana svo öyggjandi væri og engan bunustokk. Var þá orðið erfitt að skoða aðstæður vegna trjágróðurs. Ályktaði hann að selið kynni að hafa verið nokkru sunnar og aðeins uppi í hlíðinni. Þar, á bakka sunnan lækjardrags nokkurs örskammt sunnan við Beneventum, er rúst einfalds kofa. Örskammt þar frá mótari fyrir hleðslum sem Hákon telur vera eftir stekk (sjá síðar). (Hákon Bjarnason: Reitalýsing, starfsskýrsludrög, 1985). Til að ganga úr skugga um þetta þyrfti bæði að grisja tré á vissum stöðum og kanna mannvistarleifar.

Í Fornleifaskrá Reykjavíkur, sem Fornleifadeild Þjóðminjasafns lét gera að tilstuðlan Reykjavíkurborgar og birtist árið 1985, er gert ráð fyrir að Víkursel sé þar sem Hákon Bjarnason talar um það. En jafnframt segir þar: "Rústin er ógreinileg og erfitt að skera úr um hvort þetta séu leifar Víkursels."

Guðlaugur R. Guðmundsson hefur kannað örnefni í landi Skildinganess, en Víkursel virðist hafa lent þeim megin landamerkjá á 19. öld. Hann kemst ekki nær í staðsetningunni en svo að segja: „líkur benda til að það hafi verið norðaustan við Nauthól og Seljamýrin því verið framundan til vesturs." (Guðlaugur R. Guðmundsson: Landnám Ingólfs 1, bls. 51).



Minjar 7: Víkursel, að áliti Hákonar Bjarnasonar og Þjóðminjasafns (fornleifaskrá Reykjavíkur). Myndin er tekin í um það bil VNV. (Staðsetning: neðarlega í Öskjuhlíðinni, suðvestanmegin; skammt austan við æfingarsvæði slökkviliðsins).

f heimsstyrjöldinni síðari var á þessum slóðum æfingarsvæði breska og bandaríska hersins. Hafði það í för með spír talsvert jarðrask, hleðslur úr torfi og grjóti o.s.frv. Þessi rúst gæti verið frá þeim tíma. Ur því er ekki hægt að skera nema með fornleifarannsókn.

Varðveisluflokkur: A.



Migjar 8: Víkursel, að áliti Guðlaugs R. Guðmundssonar (?). (Staðsetning; við rætur Oskjuhlíðar vestanmegin, neðst í skógarjaðrinum, nokkru norðar en rústin sem Hákon talar um).

Þetta er ógreinileg rúst, gæti verið frá hernum. Ur því er ekki hægt að skera nema með fornleifaathugun.

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 9: Skildinganesstekkur (?). Þetta nafn kemur fyrir í skýrslu Hákonar Bjarnasonar en annars staðar ekki. Til að mynda ekki hjá Guðlaugi R. Guðmundssyni. Hákon greinir ekki frá heimild sinni fyrir nafninu. Hins vegar bendir hann á stað sem sjálfsagt er orsök nafnsins því hann líkist stekki. Myndin er tekin til austurs. Aðeins 20-30 metra í VNV er rústin sem Hákon telur vera Víkursel.

Hákon ályktar trúlega út frá staðhættum, á þessum slóðum hafi verið stekkur og þetta sé hann. Og hann býr e.t.v. til nafnið. Hins vegar gætu hleðslur þarna verið frá stríðsárunum, að hluta til eða að öllu leyti, í tengslum við áður nefnt æfingasvæði. Snæbjörn Pálsson álítur að ef gamlar hleðslur hafi verið þarna í stríðsbyrjun sé mjög líklegt að hermenn hafi nýtt þær og um leið umturnað þeim.

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 10: Nauthóll stendur óhreyfður norður af Nauthólsvík. Er það áhugavert því að flestum öðrum svæðum befur verið umturnað. Einnig er nokkurs virði að við hann er kenndur sjóbaðsstaður borgarbúa. Í deiliskipulagi fyrir Reykjavíkurflugvöll frá 1986 er reyndar gert ráð fyrir að jafna úr honum og setja nýja flugstöð og bílastæði á svæðinu. Væri misráðið að láta hann hverfa með öllu. Mögulegt ætti að vera að fella hólinn *inn* í skipulagið, hann er ekki svo stór um sig.

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 11: Býlið Nauthóll, kennt við bólinn og eru tóftir eftir af því eins og sjá má á myndinni. Nauthóll byggðist fyrst á 19. öld. Um aldamótin mun taugaveiki hafa komið upp í bænum og var hann brenndur að ráði Guðmundar Björnssonar landlæknis.

Í æviminningum Sigurðar í Görðum segir meðal annars: "Bæjarhúsin voru byggð sitt hvorum megin við allmikið bjarg og myndaði bjargið sameiginlegan gafl." ¹¹ (Guðlaugur R. Guðmundsson: Landnám Ingólfs 1, bls. 54). Fleira er sagt frá bjarginu. Trúlega er þetta bjargið sem er í forgrunni á myndinni.

varðveisluflokkur: A.

Minjar 12: Sólbaðsaðstaða. Hér er um að ræða allstórar grasigrónar hvilftir, þrjár eða fjórar, vestan við Nauthólsvíkina og u-laga hleðslu norðan hennar. Hvort tveggja er frá því þegar Nauthólsvíkin var sjóbaðsstaður Reykvíkinga, á 6. áratugnum líklega. Böð lögðust niður um 1960 vegna mengunar.


varðveisluflokkur: A-B.




Minjar 13: Geil í Öskjuhlíðinni, sunnanmegin. Um 1960 vantaði uppfyllingarefni fyrir flugvöllinn. Athafnasamur verkstjóri tók sig þá til og byrjaði að taka þarna efni. Hann var fljótlega stöðvaður við það en þetta sár situr eftir. Best færi á því að fylla það upp.

Stríðsminjar í og við Öskjuhlíð

Þær eru 36 að tölu, númeraðar frá 14 til 49, og er gerð grein fyrir þeim hverri fyrir sig. Kortið hér fyrir neðan er af Öskjuhlíðinni og er merkt inn á það staðsetning minjanna.





Minjar 14: Grjóthleðslur við Flugvallarveg. Þær ná eitthvað niður í jörðina því að áður gátu vörubílar ekið að þeim. Trúlega hefur á síðari árum verið rutt að þeim jarðvegi til að draga úr slysaþættu.

Ofan við hleðslumar voru grjótmulningsvélar. Á stríðsárunum muldu þær grjót sem sprengt var úr Oskjuhlíðinni, Úr mulningsvélunum fóru mölin í síló, en það var staðsett fyrir framan hleðslurnar. Mikið timburverk var f kringum sílóina og var það notað eftir stríð til að byggja skíðaskála flugvallarstarfsmanna í Bláfjöllum, Amarsetur (skírt af Agnari Kofoed-Hansen).

Steypt renna sem sjá má örlítið austar en myndin sýnir (með flaggstöngum) var gerð eftir stríð á vegum flugmálastjórnar. Hana mætti fjarlægja.

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 15: Geil myndaðist í hlíðina þar sem grjótnámið var mest við flugvallargerðina á stríðsárunum og hefur Keiluhöllin nú verið byggð þar.

Gellin og Keiluhöllin eru heldur til lýta í hliðinni. Þess vegna væri e.t.v. athugandi að hylja þær með einhverjum ráðum.

Varðveisluflokkur: B.

Menn hafa haft gaman af að tala um makindi í Bretavinnunni. Og vissulega komu pásur. En flugvöllurinn var ekki gerður úr engu - vinnusvikum eintömum. Sumir horfðu aðallega til veðurs og aðrir keyrðu um með offiserum. En flestir unnu vel langan vinnudag, alla daga vikunnar, meðal annars gamlir menn. Fyrst var sprengt úr berginu. Síðan stóðu menn með sleggjur við að mylja grjótið í vélarnar. Hnullungarnir voru stundum hnöttóttir og illir viðureignar. Allt efni var keyrt í hjólbörum og þótti mikill kostur að hafa börur með lofti í dekkjum. Slíkt hafði ekki þekkst fyrr. (Snæbjörn Pálsson)



Minjar 16: Mikið **grjótnám** fór einnig fram skammt fyrir vestan stærstu geilina.

Unnu Færeyingar þar mikið, báru gjarnan grjótið upp úr gryfjunum á bakinu og settu á vagna. Þótti skrítið að horfa upp á þetta en var í raun ekki óskynsamlegt.

Þessar gryfjur voru gerðar fyrir **eldsneytisgeyma** vegna sprengihættu. Veggirnir milli gryfjanna áttu að koma í veg fyrir að brennandi eldsneyti flæddi frá einum geymi til annars. Geymarnir voru dulmálaðir og breitt net yfir þá. Leifar af netinu má enn finna á botninum. Tankarnir hafa verið fjarlægðir algerlega.

Hugmyndir hafa verið uppi um að byggja hús á þessum stað, sem lítið bæri á svipað og Keiluöllina. En skemmtilegra væri að nýta þær á annan hátt

Varðveisluflokkur: A.

Minjar 17: Við gryfjurnar vestanmegin er **stæði mulningsvélar** sem stóð þar stök.

Hefur þar verið sléttað nokkurt svæði.

Varðveisluflokkur: B.



Minjar 18: Skotgröf suðvestantil í Öskjuhlíðinni, skammt frá minjum 4. Hún er hlaðin úr grjóti en ekki sandpokum, sem algengast var. Skotgröfina þyrfti að hreinsa, fjarlægja torf og annað sem er á botninum, og lagfæra hleðslu þar sem þess er þörf.

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 19: Jarðhýsi er skammt austan við grjótnámið. Var það öryggisbyrgi fyrir verkamenn og aðra meðan sprengt var í námunum eða ef loftárás yrði gerð. Slík byrgi voru víða á svæðinu og flest hugsuð sem vörn gegn loftárásum. En Þjóðverjar létu ekki eina einustu sprengju falla á flugvöllinn. Langflest jarðhýsin eru nú horfin.

Jarðhýsin voru lengi eftir stríðið notuð af Íslendingum sem kartöflugeymslur.

Jarðhýsi þetta er hlaðið upp úr bensínbrúsum, sem nú eru farnir að ryðga verulega. Þakinu er haldið uppi með járnbrautateinum eða einhverjum öðrum járnstöngum. Hætta er á að húsið hrynji saman eftir ekki mörg ár. Æskilegt væri að varðveita það en vegna byggingarefnisins er erlitt að sjá hvernig það getur orðið. Helsti möguleikinn er e.t.v. að fylla það með mól.

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 20: Vélbyssubyrgi, norðan við Perluna. "Hlerinn" er gríðarlega þungur. Grjót huldi að öllum líkindum þak byrgisins.
Varðveisluflokkur: A.



Minjar 21: Neyðarstjórnstöð yfirstjórnar flugvallarins ef til stórfelldrar árásar kæmi. Þarna eru nokkur herbergi neðanjarðar og tveir aðalútgangar. Járnhurð liggur fyrir framan annan útganginn. Grjót var ofan á þakinu á sínum túna og mætti setja aftur í einhverjum mæli.
Varðveisluflokkur: A.



Þriðji útgangurinn að neyðarstjórnstöðinni er 15 til 20 metra fyrir neðan hana, rör sem er um hálfur metri í þvermál.

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 22: Við neyðarstjórnstöðina var **flaggstöng** en á hana voru settar merkjaveifur, samkvæmt táknmáli sem aðeins hermönnunum erlendu var kennt. Þessar veifur voru m.a. notaðar í þau tvö skipti á stríðsárunum sem þýskar herflugvélar sáuust yfir Reykjavík. Þær gerðu ekki árás, en a.m.k. í annað skiptið voru teknar ljósmyndir af mannvirkjum hér. Flaggstöngin var í stríðslok söguð niður svo að aðeins stubbur er eftir.

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 23: Skammt frá neyðarstjórnstöðinni er þetta **vélbyssubyrgi** (neðri myndin sýnir inngang þess). Byrgið er steiptur kassi með mjórri skottrauf. Það er sömu gerðar og nokkur önnur á svæðinu. Lítur steinsteypunnar rennur vel saman við grágrýtið.

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 24: Vatnstankur skammt frá neyðarstjórnstöðinni.
Varðveisluflokkur: A.



Eftir stríðið var **vatnstankinum breytt í kartöflugeymslu**. Flugvélaþjálfarn er notað til að mynda gangveginn. (Heimild: SP. Mynd: ABS, HMS 1991).



Minjar 25: Skotgröf sunnan við vatnsgeyminn. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og staðsett undir klettastalli.

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 26: Þessi mikli **hleðsluveggur** er í vestanverðri Öskjuhlíðinni, stærsta mannvirkið á þessum slóðum. Að baki hans voru miklir eldsneytistankar á strfðsárunum og gegndi veggurinn því hlutverki að koma í veg fyrir eldflóð niður hlíðina ef sprengiárás væri gerð.

Varðveisluflokkur: A.



Sami veggur, minjar 26, sunnantil.

Minjar 27: Frá tönkunum lá mikil **eldsneytisleiðsla** til norðurs og er sprengd talsverð rás fyrir henni. Leiðslan sjálf er nú hoerfin nema smá stubbur við hleðsluna
Varðveisluflokkur: B.



Minjar 28: Grunnur dælustöðvar fyrir eldsneyti.
Varðveisluflokkur: B.



Minjar 29: Vegur f Öskjuhlíðinni vestanverðri, frá stríðsárunum. Í hlíðinni og nágrenni hennar er heilmikið veganet
Varðveisluflokkur: B.



Minjar 30: Gólf rafstöðvar, neðarlegaf Öskjuhlíðinni vestanverðri. Hugmynd er um það hjá Borgarskipulagi að gera þarna bílastæði. Athugandi er að nota gólf rafstöðvarinnar í þeim tilgangi.
Varðveisluflokkur: A.



Minjar 31: Birgðaskemmur við Flugvallarveg. Þær hafa verið klæddar upp eftir stríðið.
Varðveisluflokkur: B.

Minjar 32: Vestar við Flugvallarveginn er **trésmíðaverkstæði og líkkistusmiðja** á vegum Breta, stakur braggi af meðalstærð sem snýr gaflí að veginum. Þar var mikið tilsníðið timbur skilið eftir árið 1945. Stríðsgóss lá í reiðileysi um alla hlíðina og flugvöllinn í lok stríðsins. Gengu menn í það eins og þeir gátu. Margt fór út í sveitir, t.d. braggar.

Varðveisluflokkur: B.



Minjar 33: Í forgrunni er einn fjölmargra **vatnstanka** á svæðinu. Hann er staðsettur við enda Flugvallarvegar vestanvert.

Varðveisluflokkur: B.

Minjar 34: Braggarnir tveir bak við vatnstankinn. sjá minjar 33. voru viðgerðaverkstæði og lager á stríðsárunum. Síðar hafa þeir lengi verið vélaverkstæði flugumferðastjórnar.

Varðveisluflokkur: B.



Minjar 35: Þetta er **skotfærageymsla** upphaflega, flutt úr Hvalfirði eftir stríðið og sett þarna upp fyrir vélaverkstæði flugumferðarstjórnar.

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 36: Gólf húss við Hlíðarfót, sem var fyrsta **móttaka fyrir sjúkrahús hersins**, en það var staðsett í Gamla-Garði. Síðar, þ.e. eftir stríð, voru þarna skrifstofur flugráðs o.fl., sem nú eru í flugturninum.

Skammt frá er **gólf líkhúss**. Líkkistusmiðjan og líkhúsið minna á hvers eðlis styrjaldarreksturinn var.

Varðveisluflokkur: B.



Minjar 37: Stígur fyrir skotæfingar á vegum hersins. Við enda hans er gólf turns, 2 x 2 m, þar sem skotið var upp leirdúfum eða skífum. Stígurinn er nokkurra tuga metra langur, liggur í hálfhring. Menn gengu eftir honum þegar þeir skutu á leirskífurnar. Samskonar stígur var einnig í nágrenni við sjóskýli Flugfélags Íslands við Skerjafjörð.

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 38: Grunnur dúfnahúss undir Öskjuhlíðinni vestanverðri. Dúfur gegndu mikilvægi hlutverki í flughernaði. Flugmenn tóku alltaf með sér sinn dúfnakassa í hvern leiðangur. Ef vélar þeirra löskuðust sendu þeir dúfurnar með upplýsingar um staðsetningu þeirra.

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 39: Skotgröf suðvestanmegin í Öskjuhlíðinni. Hún er s-laga og nokkuð löng, svo sem sjá má. Skotgröf þessa ætti að lagfæra, hreinsa upp úr henni og hlaða upp þar sem hefur hrunið.

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 40: Matvöruverslun. Staðsett skammt frá Nauthól. Hús þetta var upphaflega verslun á vegum YMCA fyrir herinn. Svona hús voru víða kömpunum. Síðar varð þetta verkstæði fyrir flugfélögin úti á landi. Húsið er óvenjulegt í útliti og líklega hið eina sinnar tegundar uppistandandi

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 41: Skósnúðaverkstæði og saumastofa hersins á stríðsárunum, tveir braggar af meðalstærð. Síðar var þarna aðstaða fyrir Flugbjörgunarsveitina. Samkvæmt deiliskipulagi frá 1986 eiga þarna að koma ný mannvirki. annars mætti gjarnan halda í þessa bragga.

Varðveisluflokkur: A-B.



Minjar 42: Hotel Winston var skammt frá Nauthólsvíkinni, staðsett í allmörgum húsum. Var það notað fyrir flugmenn og aðra sem leið áttu um Reykjavíkflugvöll. Eftir stríðið var "Flughótelið" rekið þar í mörg ár á vegum flugmálastjórnar. Um tíma var það kallað Hótel Ritz.

Á þessari mynd sést inngöngubragginn. móttakan. Svifflugfélagið fékk þarna aðstöðu til viðgerða um skeið. Til vinstri sést í aðrar byggingar samfastar bragganum. Þar voru eldhús, matsalur, kynelihús o.fl.

Varðveisluflokkur: B.



Minjar 43: Íbúðarbraggi tilheyrandi Hotel Winston. Hann er óbreyttur að utan frá því sem hann var á stríðsárunum, að gaflhurðinni undanskilinni. Mikill fjöldi bragga af þessari gerð var byggður í Reykjavík á stríðsárunum. mörg hundruð. En nú eru þeir nær allir horfnir og því ekki úr vegi að varðveita þetta eintak. Upphaflega voru í honum átta herbergi og gangur eftir honum endilöngum.

Varðveisluflokkur: A.

Minjar 44: Vélbyssuþyrgi við sjóinn, vestan við Nauthólsvíkina, mjög svipaðrar gerðar og þau sem eru í Oskjuhlíðinni, þar mætti lagfæra lítillega og tryggja að byrgið steypist ekki ofan í fjöruna.

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 45: Hafnarkantur í Nauthólsvíkinni þar sem Norðmenn athöfnuðu sig með Norseman-sjóflugvélar sínar. tóku þær upp.

Varðveisluflokkur: A-U.



Minjar 46: Minningarsteinn norsku flugsveitarinnar í Nauthólsvíkinni. Á honum stendur: "Liðsmenn úr 330. flugsveit þakka íslensku frændþjóðinni hjálp og aðstoð sem þeim varveitt álslandi."

Varðveisluflokkur; A.



Minjar 47: Bryggjan í Nauthólsvíkinni. byggð á stríðsárunum. Hún var á sínum tíma mun lengri. Var hún notuð af breska hernum við affermingu flugbata, Kátalina (tveggja hreyfla) og Sunderland (fjögurra hreyfla). Fyrstu árin, 1940-1942, voru flugbátar sú gerð flugvéla sem mest var notuð af hernum, meðal annars vegna þess að flugvöllurinn var ekki fullbúinn. Síðan kom óveður haustið 1942 og fimm flugbátar eyðilögðust, flestir sukkur. Þá var lögð enn meiri áhersla á flugvallargerðina en áður.

Eftir stríðið var bryggjan notuð af Íslendingum í sambandi við rannsóknir á Grænlandi (Sunderland-vélar).

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 48: Þetta er **vatnstankur** sem tilheyrði kanadíska kampinum, "Maybillycamp", en hann var undir Öskjnhlíðinni sunnanverðri. Á stríðsárunum voru aðeins stútar og hlerar ofan á tankinum. Starfsmenn flugmálastjórnar settu síðar hurðina sem sést á myndinni og notuðu tankinn sem kartöflugeymslu.

Maybillycamp var nokkuð stór, með nálægt 100 íbúðarbröggum. Þeir voru bandarískir að gerð, taldir vandaðri en þeir bresku (betur einangraðir), en hermennirnir sem í þeim bjuggu voru kanadískir. Nú er búið að fjarlægja allt af svæðinu.

Varðveisluflokkur: A.




Minjar 49: Rétt austan við Bústaðarveg, nálægt styttunni Vatnsberanum, eru tvö **vélbyssuburgi** eins og finna má í Öskjuhlíðinni vestanmegin. Þau eru þó kannski minna virði fyrir það að þau eru utan við heildina.

Varðveisluflokkur: B.

Stríðsminjar í Vatnsmýrinni - innan flugvallargirðingar

Þær eru 23 að tölu, númeraðar frá 50 til 72, og er gerð grein fyrir þeim hverri fyrir sig. Kortið hér fyrir neðan er af Reykjavíkurlugvelli og er merkt inn á það staðsetning minjanna.





Minjar 50: Flugskýli 1, byggt af breska hernum 1942. Fyrsta flugskýlið sem reist var á vellinum

Varðveisluflokkur: A-B.

Minjar 51: "Gamli flugturninn", sem tekinn var í notkun árið 1942. Stendur við hlið flugskýfis 1.

Varðveisluflokkur: A-B.



Minjar 52: Steyptur vegur, notaður til flutninga á sprengjum frá Öskjuhlíðinni að sprengjuflugvélum. Til flutninganna voru notaðar sérstakar dráttartíkur, sem skriðu eftir jörðinni á hjólum sem voru á stærð við hjólböruhjól. Sprengjugeymslurnar voru nokkrar talsins, staðsettar sunnan undir Öskjuhlíðinni, gerðar úr torfi og grjóti.

Varðveisluflokkur: A-B.



Minjar 53: Flugvélarstæði. Sjá má festingarnar sem flugvélar voru bundnar við ef hvessti.
Varðveisluflokkur: A.



Minjar 54: Flugbraut 14-32, önnur aftveimur aðalbrautum flugvallarins.

Mikið lá á að byggja flugbrautímar, vegna kaþbátahernaðar Þjóðverja sem var mjög árangursríkur fyrstu IÚ' stríðsins. A flugvélar voru málaðir kaþbátar ef þær sökkту þeim. Ein sást með fjórumog hálfum kaþbát. að sögn Snæbjarnar Pálssonar.



Minjar 55: Stokkur mikillar eldsneytisleiðslu sem lá frá Skeljungu í Skerjafirði og upp í Öskjuhlíð. Skeljungur (Shell) var kominn með aðstöðu í Skerjafirðinum talsvert fyrir stríð.

Varðveisluflokkur: A.

Minjar 56: Flugskýli 2, byggt á árunum 1942-43. Samskonar og skýli 1.

Varðveisluflokkur: A-B.



Minjar 57: Bílvegur sem lá að höfuðstöðvum flughersins. Það var talsverð húsaþyrping sem stóð skammt norðan við Nauthólsvíkina. Um það leyti sem herinn fór, 1945, kom þar upp eldur og allt brann sem brunnið gat Orðrómur var um að kveikt hefði verið í af ásettu ráði. Húsið sem þarna stendur nú var byggt eftir stríð ofan á gólf aðalstöðvanna. Skammt sunnan við húsið eru uppistöður loftskýtamasturs úr tré, 90 feta á hæð. Þrjú slík voru á flugvallarsvæðinu.

varðveisluflokkur: B.



Minjar 58: Gamla flugskýli Flugfélags Íslands, alltaf nefnt "sjóskýlið". Byggt 1938, en þá var öld flugbátanna (annað sjóskýli var í Sundagörðum. byggt 1932, elsta flugskýli landsins). Sjóskýlið brann 1940 og var endurbyggt á árunum, 1943-44. Viðbygging var reist 1942-3 af setuliðinu. Þarna voru aðalstöðvar Flugfélags Íslands um túna. **Skýlið** var nýtt af hernum á ófriðarárunum.

Varðveisluflokkur: A.



Minjar S9: Flugskýli 3. hurð á austurhlið. Skýli þetta er nokkurn veginn eins og flugskýli 1 og 2.



Flugskýli 3, innandyr. Notað af Kanadamönnum í stríðinu. fyrir flugbáta þeirra. Nú eru Fokker Friendship-vélar settar þar inn í hvassviðrum.

Sjá má á myndinni hve miltið grindverk er í flugskýlunum og þakhafið mikið. Þeir sem settu upp grindurnar voru sérstakir vinnuflokkar frá Bretlandi. Voru grindarbitarnir sem halda uppi þökunum boltaðir saman á jörðu niðri og hífðir upp á sinn stað í heilu lagi með blökkum.



Minjar 60: Vegur frá Skeljungi yfir í Nauthólsvíkina. Hann hélt síðan áfram undir hliðarfætinum og að Pólunum við Laufásveg (Vatnsmýrarveg). Drög að þessum vegi voru komin fyrir stríð. Voru uppi hugmyndir um að koma á þegnskylduvinnu við hann og varð þá til þessi vísa:

Ó, hve margur yrði sáll
og elska myndi landið heitt
mætti hann vera í mánuð þræll
og moka skít fyrir ekki neitt



Minjar 61: "Blisshanger", flugskýli 3 í bakgrunni. Á þessum stað var hátt og mikið mannvirki úr járnbitum, einskonar gálgi. Þar sem mótórar voru teknir úr flugbátum. Nefndist það "Blisshanger". Núverandi skýli er á gólfi þess.

"Farðu upp f Corry (grjótnáman) og náðu í gritt (möl) og komdu með það niður í Blisshanger." (Dæmi um málfarið á stríðsárunum).

Minjar 62: Á stöku stað meðfram flugbrautunum. neðanjarðar, eru 40 rúmmetra **vatnstankar** frá stríðsárunum. ætlaðir til slökkvistarfa. Eru þeir merktir með stöngum.



Minjar 64: " Gróðurhúsið," viðgerðarhús Kanadamanna á stríðsárunum. Nú er þarna sandgeymsla. Í forgrunni eru tveir verkstæðisbraggar.



Minjar 64: Skotturn úr járni sem hægt var að snúa. Hann var staðsettur nálægt gatnamótum Skeljaness og Einarsness en liggur nú með öðru járnadóti. Snæbjörn Pálsson mælir með að Árbæjarsafn taki hann til varðveislu. Best færi þá á því að færa hann yfir í Öskjuhlíðina, þ.e. út fyrir flugvallargirðinguna.

Varðveisluflokkur: A.



Minjar 65: Byssustæði fyrir loftvarnarbyssu, hið eina sinnar tegundar á Reykjavíkurlugvelli sem eftir er, staðsett nálægt Skeljungi. Á strfðsárunum voru tvö önnur samskonar byssustæði annars staðar.

Varðveisluflokkur: A



Minjar 66: Akstursbraut fyrir flugvélar ("taxibraut") suðvestanvert á flugvellingnum. Akstursbrautirnar eru meðal stærstu mannvirkja flugvallarins þó að þær komist ekki í námunda við flugbrautirnar sjálfar. Þessi braut var steipt af Bandaríkjamönnum. Þeir voru með stóra beltasteypuvél sem tók heilt vörubílshlass af sandi í hverja hræru ásamt sjö sementspokum. Steypuvélin var tengd við vatnsbíl og hafði stóra bómu við að koma steypunni á sinn stað. Bóman var eftir stríð notuð til að halda uppi þakinu á vélaverkstæði slökkviliðsins. Á undan steypuvélinni fór vélþjappari á spori, en slíkt hafði ekki heldur þekkt þegar Bretar stjórnuðu framkvæmdum.



Minjar 67: Vestasti hluti Reykjavíkurflugvallar. Á þessu svæði voru fram til 1942 allmörg íbúðarhús tilheyrandi Skerjafirðinum sem síðan þurfti að fjarlægja vegna flugbrautarlagningar. Fóru sum þeirra f Laugarneshverfið. Önnur voru rifin. Flugbraut þessi kallaðist 14 og var (er) önnur af tveimur aðalflugbrautum Reykjavíkurvallar. Hún þótti nauðsynleg í vestanáttinni.



Minjar 68: Flugskýli 4. Það var upphaflega reist á Kaldaðarnesi, við ósa Ölvusár. En þegar flæddi yfir hann var það flutt á Reykjavíkurlugvöll (1943).

Minjar 69: Braggar frá stríðsárunum; síðar vöruafgreiðsla Flugfélags Íslands. FÍ flutti þá á núverandi stað eftir stríðið.



Minjar 70: Flugstjórnarhóll. Hóll á flugvellinum þar sem fyrsti flugturninn ("kontróltturninn") var staðsettur, snemma árs 1942. Var hann gerðr úr kassa undan Hurricane-vél. Notaður stutt



Tröppur upp á nugstjórnarhólinn, sjá minjar 70.



Minjar 71: Flugvélabyrgi, það stærsta á Reykjavíkurflugvelli. Það var gert úr sandpokum og steypu sturtað á milli. Nú eru sandpokarnir horfnir. Bandaríkjamenn voru með byrgið og geymdu í því Douglas-flugvél lengi. Hún var mikið notuð til fallhlífaæfinga. Fjöldi annarra flugvélabyrgja var á vellinum, gerð úr sandpokum, mold og grjóti.



Minjar 72: Býli, gamalt. Það eina sem stendur af bændabýlunum í Vatnsmýrinni. Hlaðan var notuð undir skotfæri á stríðsárunum. Á kosningadag sumarið 1942 lenti Whitney-flugvél á hlöðunni og allt sprakk, m.a. skotfærin. Þetta var sennilega eini dagur ársins sem almenn vinna lá niðri á vellinum. Það var mikið happ því að annars hefði e.t.v. mikið meira manntjón hlotist af. Sprengjudrunurnar heyrðust vel niður í miðbæ Reykjavíkur. Leifar af skotfærum fundust allt suður í Nauthólsvík.

Varðveisluflokkur: A.



73: Myndin sýnir þann stað þar sem herflugvél lenti niður í íbúðahverfi, litla Skerjafirði, á stríðsárunum. Hún skaddaði eitt hús við Þjórsárgötu og eyðilagði annað. Á síðarnefnda staðnum er búið að byggja nýtt hús.

Heimildir

Skriflegar heimildir, handrit:

- Hákon Bjarnason: Reitalýsing, starfsskýrsludrög (um Öskjubíðina, handrit, 1985)
- Yngvi Þór Loftsson, landslagsarkitekt: Öskjuhlíð, náttúru- og söguminjar, Rvk. 1991 (handrit)
- Þjóðminjasafn Íslands: Fornleifaskrá Reykjavíkur, Rvk. 1985 (handrit)

Prentaðar heimildir:

- Annálar íslenzkra flugmála; Arngrímur Sigurðsson setti saman. Rvk. 1971-1990.
- Guðlaugur R. Guðmundsson: "Lýsing Skildinganesjarðar." Landnám Ingólfs I, Rvk. 1983
- Klemens Jónsson: Saga Reykjavíkur, Rvk. 1929
- Páll Línal og Einar Arnalds: Reykjavík - Sögustaður við Sund, Rvk. 1986-1989.

Munnlegar heimildir:

Snæbjörn Pálsson, Hraunbæ 96, R. (SP)
Magnús Guðbrandsson. Tómasarhaga 53, R.